134 31. des

viðauki

við VIII. kafla lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkur kaupstað 15. nóvbr. 1890.

Hver sá, er hefir barnakennslu á hendi, og kennir daglega 10 börnum eða fleiri á heimili sínu eða í öðru húsnæði, sem hann notar til þess, skal tilkynna bæjarstjórninni skólahald sitt og ber honum að fara eftir fyrirmælum 8. gr. og fyrra stafl. 31. gr. í reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík 27. okt. 1862.

Skólanefndin lítur eptir því, að þessum fyrirmælum sje hlýtt.

Viðauki þessi öðlast gildi 1. febr. 1901.

Reykjavík 31. desbr. 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

135

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins Níunda frá 1. september 1899 til 31. ágúst 1900.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. september 1899:			
a. innritunarskírteini ltr. A fol. 84	kr. 8,600 00		
b. í landsbankanum með sparsjóðskjörumu .	— 956 26		kr. 9556 26
2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:			
a. af innritunarskírteini til $^{11}/_{12}$ '99 og $^{11}/_{6}$ 1900	— 301 00		
b. af innstæðu í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ 1900	— 37 37		— 338 37
		Samtals	kr. 9894 63

Útgjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:			
a. Þorsteini hreppstjóra Jónssyni í Vík í Mýrdal	kr. 140 00		
b. Guðmundi bónda Klemenssyni í Bólstaðarhlíð	— 140 00		kr. 280 00
2. Eftirstöðvar 31. ágást 1900:			
a. innritunarskírteini ltra A fol. 84	—8600 00		
b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . .	—1014 63		— 9614 63
		Samtals	kr. 9894 63

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Reykjavík 3. desbr. 1900.

Magnús Stephensen.